

Vinnueftirlitið
Svala Jónsdóttir
Sviðstjóri Heilsu- og umhverfissviðs
Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík

14.10 2021

Komdu sæl Svala,

Með erindi þessu vill Starfsgreinasamband Íslands fá afstöðu og viðbrögð frá Vinnueftirlitinu vegna álags á starfsfólk í vinnu við ræstingar.

Í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, er fjallað um Vinnu við ræstingar í 22. kafla samningsins, á bls. 111 til 122. https://www.sgs.is/media/1737/kjarasamningur-sgs-og-sa-2019-2022_vef.pdf

Hluti af samningum er Bókun á bls. 119

Bókun um afköst í tímamældri ákvæðisvinnu

Samningsaðilar eru sammála um að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að fjalla um ákvörðun afkasta í tímamældri ákvæðisvinnu.

Markmiðið er að skýra betur reglur um vinnu- og tímarannsóknir í rammasamningi um ræstingar á bls. 122, nánar tiltekið ákvæði um mælingu vinnutakts, útreikning á tíma við ræstingar og afköst ásamt aðkomu starfsfólks.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í maí 2020. Ríkissáttasemjari boðar til fyrsta fundar og verkstýrir viðræðum aðila.

Þar er kveðið á um að samningsaðilar myndi starfshóp um afköst í tímamældri ákvæðisvinnu. Sú vinna er í gangi en hefur gengið nokkuð hægar en upphaflega var gert ráð fyrir við undirritun samningsins. Hins vegar er núna verið að endurskoða einstök atriði í rammasamningi milli aðila og Fylgiskjali I.



Fylgiskjal I

Tafla 17. Dæmi um mismunandi vinnuhraða samkvæmt helstu mælikvörðum.

Kvarðar				Lýsing	Sambærilegur gönguhraði.** (km/klst.)
60-80	75-100	100-133	0-100 staðall		
0	0	0	0	Engin starfssemi.	
40	50	6	50	Starfsmaður er mjög hæg- fara og klaufalegur og hefur fálmkenndar hreyfingar; virð- ist hálfsofandi og áhugalaus um starfið.	3,2
60	75	100	75	Heldur stöðugt áfram en er hægfara og augljóslega ekki í ákvæðisvinnu, en lýtur eðli- legri verkstjórn. Sýnist vinna hægt en sóar þó ekki tímanum viljandi á meðan fylgst er með honum.	4,8
80	100	133	100 (Staðal- hraði)	Röskur starfsmaður sem skilar góðri vinnu, svo sem venjulegur hæfur starfsmaður í ákvæðisvinnu. Fullnægjandi staðalgæði og nákvæmni.	6,4
100	125	167	125	Vinnur mjög hratt. Öryggi hand- lagni og samhæfing hreyfinga langt umfram starfsmann sem hefur hlotið hefðbundna þjálfun.	8,0
120	150	200	150	Vinnur einstaklega hratt og af ákafa og einbeitni sem ekki er líklegt að endist lengi. Frábær árangur í starfi sem aðeins örfáir starfsmenn ná.	9,6

** Gert er ráð fyrir að starfsmaður sé meðalmaður á hæð og að vaxtarlagi og gangi í beina stefnu á láréttum, sléttum og jöfnum fleti án hindrana og án þess að bera byrði.

Hér að neðan er samantekt á þeim meginsjónarmiðum sem við teljum að horfa eigi til í því að meta hvort mismunandi vinnuhraði sem skilgreindur er í Fylgiskjali I standist lög.

Í Félagsmálasáttmála Evrópu, sem Ísland varð aðili að 1976 er útarlega fjallað um vinnu, svo sem rétt til vinnu, til sanngjarnra vinnuskilyrða, til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða, til sanngjarns kaups og fleira. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 3/1976 hefur íslenska þjóðin skuldbundið sig til að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Leiða verður fram þann rétt með ákvæðum sáttmálans að mikilvægt sé að áhættumat sé gert fyrir alla atvinnustarfsemi. Markmið laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er lögfest í 1. gr. laganna en þar er kveðið á um að tryggja skal öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Í b. lið 1. mgr. 1. gr. sömu laga kemur fram að öryggis- og heilbrigðisvandamál skuli vera í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Til álita er íþyngjandi lýsing afkasta ræstingarfólks. Við nánari athugun á fylgiskjali 1, sem er dæmi um mismunandi vinnuhraða samkvæmt helstu mælikvörðum, skortir samræmi á vinnuhraða/vinnuafkasta og áhættumati Vinnueftirlits ríkisins. Vinnuhraði á að vera í samræmi við aðstæður, menntun, starfsreynslu, þjálfun vinnuádstæðna og verkstjórn. Samkvæmt fylgiskjali 1 er gert grein fyrir miklu álagi við vinnuhraða þar sem viðkomandi starfsmaður hleypur á milli verka enda gönguhraðinn 8,0-9,6 km/klst. Slíkur vinnuhraði er óraunhæfur og eykur líkur á hættu, vanlíðan og heilsutjóni. Afleiðingar af slíkum vinnuhraða leiðir til verulegs álags á hreyfi- og stoðkerfi líkama. Ásamt því að valda viðkomandi starfsmanni andlegt óöryggi, tímaþröng, yfirþyrmandi vinnutíma og slæma félagslega og andlega vinnuverndarþætti. Vinnuhraði skiptir miklu máli en má þó ekki stangast á við þau atriði sem tryggja vinnuvernd.

Samkvæmt áhættumati Vinnueftirlits ríkisins er yfirlit yfir helstu flokka vinnuverndarinnar sem eiga að tryggja heildstætt áhættumat. Þar kemur meðal annars fram að meta skuli félagslega og andlega vinnuverndarþætti, samskipti, upplýsingaflæði, vinnutíma, tímaþröng, sálrænt öryggi á vinnustað, einelti o.s.frv. Einnig kemur fram að meta þarf álag á hreyfi- og stoðkerfi. Matið á að snúa að bæði skammtímaáhrifum og langtímaáhrifum.

Að ofangreindu virtu er ljóst að vinnuskilyrði ræstingarfólks eru ósanngjörn og ganga gegn vinnuvernd sem áhættumatinu er ætlað að tryggja. Viðkomandi starfsmaður á ekki að þurfa að þola það álag og þann vinnuhraða sem fylgiskjal 1 kveður á um. Vinnuhraði fylgiskjals 1 brýtur gegn helstu flokkum vinnuverndar ásamt því að ganga gegn Félagsmálasáttmála Evrópu um heilsusamleg og sanngjörn vinnuskilyrði. Vinnuhraði fylgiskjals 1 brýtur einnig gegn b. lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1980 vegna ósamræmis við áhættumat Vinnueftirlits ríkisins.

Því er óskað eftir að það þessi lýsing á starfsemi ræstingarfólks sem kveður á um 8,0-9,6 km/klst verði lögð niður enda stenst hún ekki kröfur áhættumats Vinnueftirlits ríkisins eða markmið laga nr. 3/1976 og laga nr. 46/1980 og er þess vegna ólögmat.



Með bréfi þessu óskar Starfsgreinasamband Íslands f.h. sinna aðildarféлага eftir því Vinnueftirlitið svari því hvort Vinnuhraði í fylgiskjali I standist kröfur um áhættumat og lög um nr. 46/1980.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður

Virðingarfyllt

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri